



Kæru Norðfirðingar og nærsveitungar

Aðfaranótt laugardagsins 6. maí kl 04:00 munum við hittast við minningarreitinn inn við Urðarteig og ganga saman inn í sólarupprásina, úr myrkrinu í ljósið. Gengið er undir merkjum sjálfsvígsforvarnarsamtakanna Pieta Ísland til að vekja athygli á sjálfsvígum, sjálfsskaða og sjálfsvígsforvörnum. Með þátttöku í göngunni gefst tækifæri til að heiðra minningu þeirra sem látist hafa af völdum sjálfsvíga og vekja athygli á alvarleika þessa málefnis. Tilfnið er einnig fjáröflun fyrir stofnun PIETA húss á Íslandi sem verður starfrækt að írskri fyrirmynd til að mæta brýnni þörf fyrir úrræði handa fólki í sjálfsvígshættu og með sjálfsskaða.

Gangan er 5 kílómetrar og mun leiðin liggja um göngustíga ofan við bæinn út að Páskahelli. Þeir sem eiga eitthvað gult til að klæðast eru hvattir til að gera það.

Tekið verður á móti frjálsum framlögum á staðnum og til viðmiðunar má nefna að skráningargjald í Reykjavíkurgönguna er 2.800 kr.

Þeir sem vilja styrkja Pieta Ísland en komast ekki í gönguna geta lagt inn á reikning 301-26-04104 kennitala 410416-0690